

Nd.

613. Breytingartillaga

[233. mál]

við frv. til l. um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

Frá Ingvari Gíslasyni og Stefáni Valgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við lögín bætist eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi sveitarfélag á tímabilinu 29. apríl 1967 til ársloka 1970 notfært sér rétt til lagningar afréttargirðingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 45 29. apríl 1967, en aðliggjandi hreppar ekki fallizt á kostnaðarhluttöku, skal ríkissjóður greiða í þeirra stað, enda meti sýslunefnd eða sýslunefndir girðingu óþarfa og girðingarstæði ónothæft.